

## SAMÞYKKTIR

228

18. des.

### fyrir Sparisjóð Svarfdæla í Eyjafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Svarfdæla. Skal heimili hans og varnarþing vera í Svarfaðardalshreppi.

#### 2. gr.

Til tryggingar því að sjóðurinn standi í skilum er varasjóður, má hann aldrei vera minni en 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum.

#### 3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12 og ábyrgjast þeir hver fyrir sig allt að 500 krónum. Skal stjórninni skylt að sjá um að ábyrgðarmenn verði ekki færri. Þeir halda með sér fund í janúarmánuði ár hvert, skal það vera aðalfundur. Leggjast þar fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins fyrir næstliðið ár til úrskurðar. Þá kjósa ábyrgðarmenn úr sínum flokki tvo menn í stjórn sjóðsins til næstu þriggja ára og skal viðhafa hlutfallskosningu ef óskað er, en sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kýs einn mann í stjórnina til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Aðalfundur ákveður laun starfsmanna og þóknun endurskoðenda. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Enginn ábyrgðarmanna getur skorazt undan kosningu í stjórn þrjú ár í senn.

#### 4. gr.

Formaður kveður ábyrgðarmenn til funda, stjórnar þeim og sér um að fundargerðir og allar ákvarðanir fundanna séu rétt bókaðar og ályktanir þeirra framkvæmdar. Fundur er lögmaður þegar helmingur ábyrgðarmanna er mættur. Formaður hefur aðalumsjón með fé sjóðsins, annast öll útlán í samráði við gjaldkera og geymir öll skjöl og bækur, sem gjaldkeri ekki daglega þarf með.

#### 5. gr.

Gjaldkeri annast allar útborganir sjóðsins í samráði við formann. Geymir hann peninga sjóðsins og eftirrit skuldabréfa.

#### 6. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, kosnir af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til eins árs í senn. Þeir hafa eftirlit með störfum stjórnarinnar og endurskoða reikninga sjóðsins, samkvæmt því sem reglugerð um sparisjóði, 15. febr. 1942, mælir fyrir.

#### 7. gr.

Formanni og gjaldkera er skylt að halda þær bækur, sem nauðsynlegar eru samkvæmt reglugerð um sparisjóði, 15. febr. 1942.

#### 8. gr.

Þeim, sem í fyrsta sinni leggur fé í sjóðinn, er fengin viðskiptabók, fyrir innlögum og útborgunum, kvittar gjaldkeri eða formaður í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni. Það er ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi ekki haft löglega heimild frá eiganda hennar til þess að fá útborgað fé það, er hún hljóðar um. Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Vexti skal innfæra í

**228** viðskiptabækurnar þegar þær í næsta skipti eftir aðalfund ár hvert eru sýndar í 18. des. sparisjóðnum. Formaður og gjaldkeri sjóðsins löggilda viðskiptabækurnar með undirskrift sinni. Glatist viðskiptabók, ber eiganda hennar að snúa sér til stjórnar sparisjóðsins. Getur þá stjórn sjóðsins, eftir ósk eiganda og á hans kostnað, innkallað handhafa viðskiptabókarinnar og ógilt hana á þann hátt, sem segir í lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941.

9. gr.

Af fé því, sem sparisjóðurinn ávaxtar, verður greitt það, er menn óska eftir, án uppsagnarfrests, sjái stjórnin sér það fært. En heimta má, að upphæðum sem nema 100 kr. eða meira, sé sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig er stjórn sparisjóðsins heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í sparisjóðnum, eftir sömu reglu. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af fé því, sem upp er sagt. Sá, sem tekið hefur allt úr viðskiptabók sinni, eða þegar hún er útskrifuð, skal skila henni í sparisjóðinn.

10. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn fasteignaveði, ábyrgð sveitarfélaga, sjálfskuldarábyrgð, handveði og öðrum jafntryggum ábyrgðum og veðum, og kaupir vixla. Þarf meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar að vera því samþykkur og hafa ákveðið tryggingu lánsins og hámark lánsupphæðar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður í samráði við lögsmáttan sparisjóðsfund, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu og útlánuðu fé við sjóðinn. Starfsmenn sjóðsins eru skyldir til þess að halda leyndum ástæðum manna við sjóðinn, samkvæmt því sem lög mæla fyrir.

12. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar eignir verða eign Svarfaðardalshrepps, en ábyrgðarmenn, sem þá eru við sjóðinn, skulu hafa rétt til þess að ráðstafa því fé nánar, með samþykki stjórnarráðsins.

13. gr.

Í þeim atriðum, sem ekki eru tilgreind í samþykktum þessum, skal farið samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febr. 1942.

14. gr.

Samþykktum þessum má breyta á aðalfundi ef  $\frac{2}{3}$  mættra ábyrgðarmanna eru með breytingunni og hún staðfest af stjórnarráðinu.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 18. desember 1943.*

**Björn Ólafsson.**

*Torfi Jóhannsson.*